



**Staðsetning borholu við  
Varmaland/Laugaland í Stafholtstungum**

**Lúðvík S. Georgsson**

**Greinargerð LSG-83/02**

Staðsetning borholu við Varmaland/Laugaland í Stafholtstungum

Að Varmalandi/Laugalandi í Stafholtstungum er öflugt hverasvæði. Þar hafa verið boraðar 6 holur 60-105 m djúpar. Úr holunum og hverum á svæðinu fengust árið 1978 um 9 l/s af 100°C heitu vatni. Af því voru um 8 l/s nýtanlegir. Allmikill markaður er fyrir heitt vatn að Varmalandi/Laugalandi. Þar eru grunnskóli og húsmæðraskóli og stór gróðrarstöð, Laugaland, auk nokkurra íbúðarhúsa. Þá hafa á undanförunum árum verið byggð þar sundlaug, stórt félagsheimili og íþróttahús. Er svo komið að það heita vatn, sem nú fæst, dugir ekki fyrir þennan markað. Skv. húshitunaráætlun var þörfin metin um 10 l/s árið 1981.

Jarðhitadeild gerði árið 1978 jarðhitakönnun á svæðinu til að finna hvað stjórnaði uppstreymi heita vatnsins. Jarðfræðin var skoðuð, hverasvæðið kortlagt, rennslismælt og gerðar voru segulmælingar á því, tekin voru vatnssýni til efnagreininga og farið var ítarlega í saumana á viðnámsmælingum sem gerðar voru þarna á árunum 1974 og 1975.

Niðurstöður þessara athugana benda til að jarðhitinn við Varmaland/Laugaland sé tengdur norðvestlægri sprungu, sem liggur þvert um Veggjaháls austan Varmalands. Efnahitamælar benda til að með borun megi fá allt að 120°C heitt vatn. Vænlegast til árangurs er að reyna að hitta sjálfa uppstreymisrásina (sprunguna). Lagt er til að holan verði staðsett rétt ofan við Veggjalaug og miðað við 400-600 m djúpa holu.

Kostnað við 500 m djúpa holu má í dag (mars, 1983) áætla skv. upplýsingum frá Jarðborunum ríkisins um 700.000,- kr.